



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

3. nóvember 2022

Mál nr. E-730/2022:

Stefnandi: A

(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)

Stefndi: TM tryggingar hf.

(Stefán Björn Stefánsson lögmaður)

Dómarar: Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Ragnheiður
Snorradóttir héraðsdómari og Halldór Baldursson bæklunarlæknir

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 2022 í máli nr. E-730/2022:

A

(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)

gegn

TM tryggingum hf.

(Stefán Björn Stefánsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 11. október 2022, var höfðað 2. febrúar 2022.

Stefnandi er A, [...].

Stefndi er TM tryggingar hf., [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennd verði með dómi óskert bótaskylda stefnda úr slysatryggingu sjómanna á [...] vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í sjóvinnuslysi 17. apríl 2020. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að bótaréttur verði aðeins viðurkenndur að hluta. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Stefnandi starfaði sem sjómaður á [...]. Hinn 17. apríl 2020 meiddist stefnandi við störf er hann hugðist ganga frá frystipönnum fullum af fiski í frystitæki. Stefnandi hélt á pönnu af grálúðu og hugðist færa hana frá pökkunarborði að frystitæki þar sem renna átti pönnunni inn í hillu. Til þess þurfti stefnandi að lyfta pönnunni í rúmlega axlarhæð. Ágreiningur málsaðila snýr að meginstefnu að því hvort stefnandi hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingar vinnuveitanda síns hjá stefnda þegar stefnandi var að lyfta pönnunni, en ágreiningslaust er að hann meiddist á vinstri öxl umrætt sinn. Verði fallist á að um slys hafi verið að ræða byggir stefndi á því að orsakatengsl milli slyssins og líkamstjóns stefnanda séu ósönnuð með vísan til fyrri meiðsla stefnanda í sömu öxl auk þess sem hér sé um að ræða álagsmeiðsl.

Stuttu eftir atvikið ræddi stefnandi við skipstjóra sem skráði í skipsdagbók að stefnandi hefði verið þann morgun við vinnu á millidekki og verið að setja pönnu fulla af grálúðu í hillur á frystitæki ofarlega „þegar eitthvað gaf sig í upphandlegg vinstri handar“. Hann hafi samt haldið áfram vinnu. Honum hafi verið gefnar verkjatöflur. Veður er skráð „sunnan 12 m/sek.“.

Ágreiningslaust er að stefnandi vann um borð í skipinu til loka sjóferðar 29. apríl 2020.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er af stefnanda og vinnuveitanda hans 29. apríl 2020, kemur fram að stefnandi hafi verið að setja pönnu í

frystitæki. Búið hafi verið að setja pönnur í þrjár neðstu hillurnar í tækinu og stefnandi hafi verið að setja pönnu í efstu hillu sem sé í um það bil axlarhæð. Hann hafi rykkt pönnunni upp til að reyna að renna henni inn í frystitækið og þá hafi eitthvað gerst í upphandlegg vinstri handar. Hann sé frekar aumur í vinstri handlegg og geti ekki beitt hendinni eins og hann vilji. Það að lyfta hendinni upp fyrir axlir sé mjög sársaukafullt. Hver full panna af grálúðu með öllu vegi um 38 kíló. Veður hafi verið ágætt, sunnan 12 metrar á sekúndu.

Í færslu [...] læknis í sjúkraskrá stefnanda, dags. 30. apríl 2020, er greint frá því að stefnandi hafi leitað á slysa- og bráðamóttöku þann dag. Stefnandi hafi verið úti á sjó í 36 daga. Hann hafi unnið við að lyfta um 38 kg frystipönnum og fengið slink á vinstri upphandlegg/öxl, komið af sjó í gær og vilji fá læknisskoðun því hann eigi að fara aftur út á sjó í næstu viku.

Í kjölfarið voru teknar röntgenmyndir af vinstri öxl stefnanda 5. maí 2020 og liggja fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá hans um niðurstöður þeirrar myndatöku og frekari heimsóknir stefnanda til lækna í kjölfarið.

Í færslu B bæklunarskurðlæknis í sjúkraskrá stefnanda, dags. 18. ágúst 2020, er greint frá því að stefnandi sé með verki í vinstri öxl. Hann sé búinn að vera slæmur í öxlinni undanfarna þrjá til fjóra mánuði. Ástandið hafi lítið skánað. Hann hafi verið úti á sjó um miðjan apríl og þá verið að lyfta 38 kg frystipönnu og fengið slink á öxlina. Stefnandi hafi ekki áður verið í vandræðum með öxlina en þó slasast á henni fyrir nokkrum árum. Á röntgenmynd sjáist að stefnandi sé með beinvölur inni við axlarhrynu- og viðbeinslið („AC liðinn“) eins og það hafi komið áverkni á hann. Auk þess sé hann með um sentimetra kölkun í mjúkvefjum nálægt upparmsleggjarhjóti („tuberculum“). Ómun sýni áðurnefnda kölkun og merki um axlarklemmu („impingement“) og þrota. Stefnandi sé með greinileg merki um axlarklemmu og „status“ frá ofankambsvöðva („supraspinatus“). Hann sé búinn að fá sprautur í þrígang án þess að verða miklu betri. Möguleikar í stöðunni hafi verið ræddir og hafi stefnandi óskað eftir aðgerð. Greining sé „belgbólga í öxl („bursitis of shoulder“), M75.5, Sinabólga í öxl með kölkun („Calcific tendinitis of shoulder“), M75.3, Axlarklemma („Impingement syndrome of shoulder“), M75.4“.

Stefnandi sendi stefnda tjonstilkynningu 27. nóvember 2020. Þar lýsti stefnandi því að hann hefði þurft að lyfta umræddri pönnu yfir axlarhæð til að koma henni í frystitæki. Það hefði komið lag á skipið þannig að hann hefði fengið á sig hnykk og fundið að eitthvað hefði gefið sig í vinstri öxl. Hann hefði klárað vaktina sína en síðan verið settur í léttari störf. Vitni að slysinu er sagt vera C.

Stefndi hafnaði kröfum stefnanda með bréfi, dags. 29. desember 2020, með vísan til þess að umræddur atburður félli ekki undir slyshugtak vátryggingarskilmála hjá stefnda.

Hinn 13. janúar 2021 óskaði þáverandi lögmaður stefnanda með tölvubræfi eftir því að stefndi endurskoðaði afstöðu sína. Fram kemur í bréfinu að atvikið falli undir slyshugtakið, enda hafi stefnandi fengið slink á sig vegna hreyfingar skipsins og „aðstæðna um borð í lest skipsins“. Fram kemur að C vinnslustjóri hafi verið vitni að slysinu, en hann muni eftir atvikum með sama hætti og stefnandi.

B ritaði læknisvottorð um stefnanda, dags. 11. mars 2021. Aðdragandi málsins er þar rakinn. Um óhappið segir að verkir hafi skyndilega byrjað við vinnu stefnanda á sjó í apríl 2020 þegar hann hugðist lyfta 38 kg frystipönnu og hafi fengið slink á öxlina. Síðan er gerð grein fyrir aðgerð sem framkvæmd hafi verið 2. september 2020. Við þá aðgerð hafi komið í ljós að brjóska hafi hreinlega flagnað af nánast öllum liðfleti upphandleggs. Þekkt sé að sjúklingar með svo slæmar brjóskskemmdir muni stríða við viðvarandi óþægindi. Ljóst sé að stefnandi muni ekki geta sinnt þungri líkamlegri vinnu, eins og vinnu á sjó.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing C vinnslustjóra, dags. 15. apríl 2021, um störf hans og stefnanda saman á skipinu umrætt sinn. Fram kemur að á vinnusvæðinu séu lausar gúmmímottur sem settar séu ofan á hálar stálgrindur. Er stefnandi hafi verið að fara með pönnuna hafi hann runnið á hálum mottunum, en þær hafi verið blautar og hálar af sjó og slori, sem hafi orðið til þess, auk einhvers sjóveltungs, að stefnandi fékk slink á öxlina. Fram kemur að fyrst þegar stefnandi hafi farið upp í brú skipsins hafi honum verið neitað um skráningu slyssins.

Stefnandi skaut málinu síðar til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem hafnaði því að meiðsl stefnanda væri að rekja til bótaskylds slyss, sbr. úrskurð nefndarinnar 30. nóvember 2021 í máli nr. 375/2021. Vísaði nefndin einkum til orðalags í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, skráningar í skipsdagbók og skráningar í móttökuskrá heilsugæslu. Allt bæri þetta með sér að eitthvað hefði gefið sig í öxl eða upphandlegg stefnanda, en lýsingar á því að eitthvað utanaðkomandi hefði valdið tjóninu hefðu ekki komið fram fyrr en um hálfu ári eftir slysið. Þá bæru sjúkragögn með sér að meiðslin teldust til álagsmeiðsla en ekki til meiðsla eftir áverka eða annað skyndilegt utanaðkomandi atvik.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu fyrir dómi. Þá gaf skýrslu vitnið C, sem var vinnslustjóri á skipinu umrætt sinn.

II

Stefnandi byggir dómkröfu sína á slysatryggingu sjómanna hjá stefnda. Stefnanda hafi skrikað fótur á hálum gólfmottum þegar hann hugðist rykkja pönnu upp í axlarhæð, þannig að hann hafi fengið slæman hnykk á vinstri öxl og upphandlegg. Motturnar séu gúmmímottur en á þær hafi borist bæði sjór og slor. Atvikalýsing stefnanda fái stoð í yfirlýsingu vitnis að slysinu. Hvað varði færslu í skipsdagbók þá

hafi hún ekki verið skráð um leið og stefnandi hafi greint yfirmönnum sínum frá slysinu. Þá hafi ekki verið haft samráð við hann um efni og orðalag færslunnar. Það að neita stefnanda í upphafi um skráningu slyssins sé raunar brot gegn reglum nr. 138/1986 um skipsdagbækur, sbr. einnig 8. og 9. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Vegna vanrækslu skipstjórans geti skráning hans á atvikum ekki haft það sönnunargildi sem yfirleitt eigi við um skipsdagbækur.

Sú lýsing stefnanda, sem ítrekað birtist í gögnum málsins, að hann hafi fengið slink á vinstri öxl og upphandlegg samræmist vel frásögn hans af slysinu.

Að því marki sem óvissa kunni að vera talin um málsatvik verði vinnuveitandi og þar með stefndi að bera hallann af slíku.

Til samanburðar hafi Sjúkratryggingar Íslands samþykkt bótaskyldu úr slysathvingingu vegna sama atviks.

Þar sem ekki liggja enn fyrir nákvæmt mat á tjóni stefnanda sé krafist viðurkenningar á bótaskyldu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnanda. Ekki sé fallist á að slys hafi orðið í skilningi skilmála slysathvingingar stefnda. Ekki hafi verið um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þennan skilning styðji færsla í skipsdagbók, tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands og færslur í sjúkraskrá þegar stefnandi leitaði til læknis 30. apríl 2020 og 18. ágúst 2020. Hið sama eigi við um vottorð B, dags. 11. mars 2021.

Samkvæmt framangreindu megi rekja orsök tjóns stefnanda til álags sem stefnandi hafi upplifað í upphandlegg vinstri handar þegar hann hafi lyft pönnunni umrætt sinn. Ekkert gefi til kynna að stefnandi hafi runnið á hálum mottum eða að lag hafi komið á skipið. Slíkum staðhæfingum sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Fyrst hafi komið fram staðhæfing um að stefnandi hafi runnið á hálum mottum 23. apríl 2021, þegar stefnandi vísaði um slíkt til yfirlýsingar C. Raunar sé í stefnu aðeins byggt á því að stefnandi hafi runnið á hálum gúmmímottum en ekkert minnst á að atvikið hafi orðið vegna veltings eða hreyfingar skipsins.

Framburður stefnanda í málinu hafi breyst. Í þessu felist mikið ósamræmi.

Skortur á sönnun þess að stefnandi hafi orðið fyrir slysi leiði til sýknu.

Meint vanræksla á skráningu í skipsdagbók hafi engin áhrif haft á möguleika stefnanda til sönnunar. Þar sem lýsingar stefnanda hafi ekki kallað á skoðun málsins af hálfu vinnuveitanda, svo sem með vísan til aðstæðna um borð eða utanaðkomandi atvika í tengslum við velting eða til gúmmímotta, hafi vinnuveitandi eða skipstjóri ekki haft ástæðu til að ætla að rannsaka þyrfti slíkt atvik. Stefnandi hafi getað lýst slysinu í

tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem send hafi verið sama dag og skipið hafi komið til hafnar.

Í öllu falli sé ósannað að tjón stefnanda verði rakið til umrædds atviks þar sem í skráningu B bæklunarlæknis komi fram að stefnandi hafi áður slasað sig í öxl fyrir nokkrum árum. Skortur á gögnum um þetta valdi vafa sem stefnandi beri hallann af. Einnig sé ljóst að meiðsl stefnanda verði aðeins við langvarandi álag á öxl en orsakist ekki af einu atviki.

Varakröfu stefnda styður hann við þau rök að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Stefnandi, sem sé reyndur sjómaður, hafi ekki sýnt af sér þá aðgát og varúð sem aðstæður krefjist.

IV

Aðilar deila um það hvort stefnandi hafi orðið fyrir slysi sem sé bótaskyld úr váttryggingu vinnuveitanda stefnanda hjá stefnda. Í grein 1.3 í skilmálum slysatryggingar stefnda, sem er hluti af svokallaðri áhafnartryggingu, kemur fram að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Hæstiréttur og Landsréttur hafa fjallað um þetta hugtak í dómaframkvæmd, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 8. júní 2006 í máli nr. 47/2006, dóm Hæstaréttar 14. júní 2018 í máli nr. 560/2017, dóm Landsréttar 15. október 2021 í máli nr. 414/2020 og dóm Landsréttar 16. júní 2022 í máli nr. 210/2021. Verður af dómaframkvæmd ráðið að meiðsli sem verða vegna þess að þungum hlut er lyft falla ekki undir slyshugtak váttryggingaréttar, enda er þau ekki að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar nema meira komi til. Staðan breytist á hinn bóginn þegar eitthvað fer úrskeiðis við verkið sem leiðir til dæmis til þess að meiri byrði lendir á þeim sem lyftir eða átakið verður skyndilega annað en hann var búinn undir, enda geta meiðsli sem af slíku leiða þá talist verða vegna utanaðkomandi atvika. Með svipuðum hætti er ljóst að ef meiðsl er aðeins að rekja til snöggra hreyfinga hins váttryggða, til dæmis ef hann tognar á hlaupum, er skilyrðinu um skyndilegan utanaðkomandi atburð ekki fullnægt. Staðan breytist á hinn bóginn ef ytri aðstæður valda þeim hreyfingum sem leiða til meiðsla, til dæmis ef váttryggður rennur til í ísingu eða bleytu og sú hreyfing sem af því leiðir veldur tognun, sbr. einkum áður nefndan dóm Landsréttar í máli nr. 414/2020.

Sú lýsing sem skráð er í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 29. apríl 2020, er fremur greinargóð. Þar segir meðal annars að búíð hafi verið að setja pönnur í þrjár neðstu hillurnar í frystitækinu og stefnandi hafi verið að setja pönnu í efstu hillu sem sé í um það bil axlarhæð. Hann hafi rykkst pönnunni upp til að reyna að renna henni inn í frystitækið og þá hafi eitthvað gerst í upphandlegg vinstri handar. Hann sé frekar aumur í vinstri handlegg og geti ekki beitt hendinni eins og hann vilji. Það að lyfta

hendinni upp fyrir axlir sé mjög sársaukafullt. Hver full þanna af grálúðu með öllu vegi um 38 kíló.

Framangreind atvikalýsing, sem óumdeilt er að stefnandi undirritaði, felur ein og sér ekki í sér lýsingu á slysi í framangreindum skilningi, sbr. einnig fyrrgreinda dóma Hæstaréttar og Landsréttar. Hið sama á við um lýsingu í skipisdagbók, sem skipstjóri ritaði um atvikið, og áður er rakin, en þessi tvö skjöl komast næst því að teljast til samtímagagna í málinu.

Stefndi telur að leggja beri efni þessara tveggja skjala til grundvallar úrlausn málsins en stefnandi hefur borið brögður á verklag skipstjóra og stýrimanns við skráningu þeirra og vefengir atvikalýsingu sem þar er getið. Nánar tiltekið er í stefnu byggt á því að tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands hafi verið skráð af skipstjóra en við skýrslugjöf stefnanda fyrir dóminum kom raunar fram að það hefði verið stýrimaður sem skráð hefði upplýsingarnar. Stýrimaðurinn hefði sýnt stefnanda færsluna sem stefnandi hefði þá gert athugasemd við. Það hefði leitt til þess að stýrimaðurinn hefði gert vissa breytingu á skjalinu. Síðan hefði stefnandi undirritað skjalið. Stefnandi hefði þrátt fyrir þetta ekki fellt sig við lýsingu atvika í því skjali. Hvað varði skipisdagbókina þá hafi skipstjóri í upphafi synjað stefnanda um að fá skráðar upplýsingar um atvikið, en síðar skráð færsluna og þá án samráðs við stefnanda.

Að mati dómsins gáfu framangreindar athugasemdir stefnanda honum sérstakt tilefni til að leiða skipstjóra og stýrimann fyrir dóm til skýrslugjafar, þ.e. til að freista þess að sýna fram á réttmæti staðhæfinga sinna í þessum efnum, enda hafði hann, eins og áður segir, undirritað fyrrgreinda tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um aðdraganda tjónsins. Það gerði stefnandi aftur á móti ekki og teljast framangreindar staðhæfingar hans því, gegn mótmælum stefnda, ósannaðar.

Í skýrslu fyrir dómi lýsti stefnandi því að hann hefði frá upphafi gert sér grein fyrir því að tilkynningin til Sjúkratrygginga Íslands byggðist á rangri atvikalýsingu. Hann hefði reynt að fá þetta leiðrétt með því að hafa samband við útgerðina, en það hefði hann sennilega gert í nóvember 2020, þ.e. þegar hann hafði leitað til lögmanns vegna málsins. Stefnandi hefur engin vitni leitt fyrir dóminn sem borið hafa um slík samskipti við útgerðina og teljast þau því, gegn mótmælum stefnda, ósönnuð. Þá hefði verið brýnt að mati dómsins, teldi stefnandi allt frá undirritun skjalsins að það væri rangt, að hann kæmi til leiðar leiðréttingu á skjalinu eins skjótt og kostur var.

Önnur atvikalýsing birtist síðan í tilkynningu stefnanda til stefnda, dags. 27. nóvember 2020, en ágreiningslaust er að stefnandi naut þá aðstoðar lögmanns. Þar sagði að komið hefði lag á skipið þannig að hann hefði fengið á sig hnykk og fundið að eitthvað hefði gefið sig í vinstri öxl. Á þessari atvikalýsingu er aftur á móti ekki byggt í stefnu málsins þar sem hvergi er gefið í skyn að ástæðu tjóns stefnanda megi beinlínis rekja til þess að lag hafi komið á skipið umrætt sinn. Í framangreindri tilkynningu er

ekkert vikið að því að stefnanda hafi skrikað fótur á hálum gólfmottum, en miðað við framburð stefnanda fyrir dómi þess efnis að hann hafi frá upphafi talið tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands ranga var, eins og áður segir, brýnt að fram kæmi með greinargóðum hætti rétt lýsing hans á málsatvikum. Ekki er heldur vísað til þess í tölvubréfi þáverandi lögmanns stefnanda til stefnda 13. janúar 2021 að stefnanda hafi skrikað fótur á mottum. Sá lögmaður ritaði stefnda annað tölvubréf 23. apríl 2021 og vísaði þá til skriflegrar yfirlýsingar C vinnslustjóra, dags. 15. apríl 2021, en þar var því fyrst haldið fram að stefnandi hefði runnið á gólfmottum.

Framangreint ósamræmi af hálfu stefnanda dregur nokkuð úr trúverðugleika málatalbúnaðar hans um aðdraganda meiðsla hans um borð í skipinu umrætt sinn.

Stefnandi byggir á því að óvissa um málsatvik sé nokkuð sem vinnuveitandi hans, og þar með stefndi, verði að bera hallann af að hafa ekki leitast við að upplýsa betur. Í þessum efnum verður að mati dómsins ekki litið fram hjá þeirri lýsingu sem stefnandi lét vinnuveitanda sínum í té í fyrrgreindri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem stefnandi undirritaði, en þar var ekkert fundið að hálum gólfmottum eða öðrum aðbúnaði á vinnustaðnum. Raunar á hið sama við um tilkynningu stefnanda til stefnda, dags. 27. nóvember 2020, eftir að stefnandi hafði ráðfært sig við lögmann. Eins og atvikum málsins er háttað verður ekki talið að sú staðreynd að ekki fór fram rannsókn vinnuveitanda á atvikinu hafi sérstök áhrif á beitingu sönnunarreglna í málinu.

Þegar litið er til þess sem áður er rakið um færslu í skipsdagbók og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð var af stefnanda, og þess ósamræmis sem síðar hefur gætt í frásögn stefnanda og ósannaðra athugasemda hans við verklag skipstjóra og stýrimanns, verða skrifleg yfirlýsing vitnisins C og framburður hans fyrir dómi ekki lögð til grundvallar við úrlausn máls, sbr. einnig 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, en vitnið dró fyrir dómi nokkuð úr því sem áður hafði komið fram í skriflegri yfirlýsingu þess, sem rituð var með aðstoð þáverandi lögmanns stefnanda.

Með skírskotun til þess er að framan greinir telur dómurinn ósannað að stefnanda hafi skrikað fótur á hálum gólfmottum úr gúmmí sem valdið hafi slæmum hnykk á vinstri öxl og upphandlegg umrætt sinn. Við þeirri niðurstöðu hrófla ekki önnur gögn málsins, svo sem það sem haft er eftir stefnanda í samtölum við lækna og áður er rakið, enda er þar hvergi vikið að því að stefnanda hafi skrikað fótur. Í samræmi við þetta telst stefnandi ekki hafa sýnt fram á að líkamstjón hans verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi skilmála váttryggingarinnar. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Stefán Björn Stefánsson lögmaður.

Mál þetta dæma Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari og Halldór Baldursson bæklunarlæknir.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, TM tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.